




Sýn hf.

Samandreginn árshlutareikningur samstæðu

1. janúar til 31. mars 2021



vísir



SPORT

BYLGJAN
989



ENDOR

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	3
Fjárhagslegar lykiltölur	4
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu	5
Efnahagsreikningur	6
Eiginfjáryfirlit	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar við samandreginn árshlutareikning	9

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Sýn hf. er alhliða félag á sviði fjarskipta- og fjölmiðlastarfsemi. Félagið rekur marga af öflugustu fjölmiðlum landsins eins og Stöð 2, Bylgjuna, Vísi, FM957, Xið og fleiri landsþekkta miðla. Félagið veitir einstaklingum, fyrirtækjum, stofnunum og opinberum aðilum alhliða fjarskipta- og upplýsingatækniþjónustu undir vörumerkjum Vodafone á Íslandi og dótturfélagsins Endor ehf. Félagið á í fjölþættu alþjóðlegu samstarfi við Vodafone Group sem er eitt stærsta og útbreiddasta fjarskiptafyrirtæki heims.

Árshlutareikningurinn hefur að geyma samandreginn samstæðureikning Sýnar hf. og dótturfélags þess, Endor ehf., ásamt hlutdeild í sameiginlegum rekstri í Sendafélaginu ehf. Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur sem koma fram í íslenskum lögum og reglum um árshlutareikninga skráðra félaga. Árshlutareikningurinn hefur hvorki verið endurskoðaður né kannaður af endurskoðendum félagsins.

Samkvæmt rekstrarreikningi námu tekjur samstæðunnar af seldum vörum og þjónustu 4.962 millj. kr. Tap af rekstri samstæðunnar á tímabilinu nam 231 millj. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar 29.536 millj. kr. Eigið fé samstæðunnar þann 31. mars 2021 nam 8.208 millj. kr. Þar af nam hlutfé 2.964 millj. kr. Eiginfjárlutfallið 31. mars 2021 var 27,79%.

Áhrifa COVID-19 faraldursins á rekstur og sjóðstreymi samstæðunnar hefur helst gætt í samdrætti í tekjum af auglýsingum og reiki eins og áður hefur komið fram. Samstæðan er með hluta af sínum kostnaði í erlendri mynt. Veiking krónunnar hefur því haft talsverð áhrif til hækkunar á kostnaði. Stjórnendur hafa gripið til ýmissa hagræðingaaðgerða til að lágmarka þessi áhrif á rekstur og sjóðstreymi félagsins en miðað við þá óvissu sem faraldrinum fylgir er ekki hægt að meta að fullu hver áhrifin verða til skemmri og lengri tíma.

Sala á eignum

Þann 31. mars var skrifað undir samninga um sölu á óvirkum farsímamainnvíðum félagsins. Viðskiptin munu styrka efnahagsreikning félagsins. Umsamið söluverð er um 7,1 milljarðar og nemur væntur söluhagnaður yfir 6,5 milljörðum króna. Samhliða var gerður langtímaleigusamningur, sem tryggja mun áframhaldandi aðgang félagsins að hinum óvirku farsímamainnvíðum. Allur virkur farsímabúnaður verður áfram í eigu Sýnar hf. Í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) verður farið með viðskiptin sem sölu og endurleigu á eignum. Af þeirri ástæðu verður aðeins hluti af söluhagnaðinum færður í gegnum rekstur á söludegi. Söluhagnaðurinn mun hlutfallast miðað við hlutfall gangvirðis hinna seldu eigna og núvirðis væntrar leiguskuldbindingar á kaupdegi. Viðskiptin eru háð samþykkti eftirlitsstofnanna.

Þann 31. mars var einnig undirritaður samningur um sölu á 49,9% hlut í færeyska hlutdeildarfélaginu P/F 20.11.19. Kaupverðið var 52,5 millj. DKK. Kaupverðið var greitt 21. apríl til félagsins. Áfram verður til staðar þjónustusamningur á milli félaganna. Bókfært verð hlutarins var hærra en söluverð og því er tap af sölunni að fjárhæð 189 millj. kr. gjaldfært í fjórðungnum.

Viðskiptin hafa engin áhrif á EBITDA en styrkja efnahagsreikning og lausafjárstöðu félagsins.

Yfirlýsing

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er samandreginn árshlutareikningur samstæðu Sýnar hf. í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga IAS 34 eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu. Er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 31. mars 2021 ásamt rekstrarafkomu og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 31. mars 2021.

Stjórn og forstjóri Sýnar hf. hafa í dag fjallað um samandreginn árshlutareikning samstæðunnar fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2021 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 12. maí 2021

Stjórn

Hjörleifur Pálsson, stjórnarformaður

Páll Gíslason

Petrea Ingileif Guðmundsdóttir

Sigríður Vala Halldórsdóttir

Tanya Zharov

Forstjóri

Heiðar Guðjónsson

Fjárhagslegar lykiltölur

	2021 1F	2020 1F
Fjárhagsupplýsingar		
Heildartekjur	4.962	4.995
Rekstrarhagnaður (tap)	42	(21)
Tap fyrir tekjuskatt	(244)	(442)
Tap tímabilsins	(231)	(350)
Tap á hlut	(0,78)	(1,18)
Fjárfestingar í rekstrarfjármunum og óefnislegum eignum	231	263
Fjárfestingar í sýningarrétti	576	475
Handbært fé frá rekstri	542	1.053
Frammistöðumat		
EBITDA tímabilsins	1.388	1.355
EBITDA hlutfall tímabilsins	28,0%	27,1%
Frjálst fjárflæði (FCF)*	(119)	522
	2021 1F	31.12 2020
Hreinar vaxtaberandi skuldir	15.686	15.419

*Frjálst fjárflæði samanstendur af handbæru fé frá rekstri fyrir vexti og tekjuskatt að frádregnum fjárfestingahreyfingum.

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu

1. janúar til 31. mars 2021

	Skýr.	2021 1F	2020 1F
Seldar vörur og þjónusta	5	4.962	4.995
Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu	6	(3.337)	(3.350)
Framlegð		1.625	1.645
Rekstrarkostnaður	7	(1.583)	(1.666)
Rekstrarhagnaður (tap)		42	(21)
Fjármunatekjur		5	8
Fjármagnsgjöld		(144)	(219)
Gengismunur		46	(230)
Hrein fjármagnsgjöld		(93)	(441)
Áhrif hlutdeildarféлага		(193)	20
Tap fyrir tekjuskatt		(244)	(442)
Tekjuskattur		13	92
Tap tímabilsins		(231)	(350)
<i>Rekstrarliðir færðir beint á eigið fé:</i>			
Þýðingarmunur		(37)	(2)
Heildarafkoma tímabilsins		(268)	(352)
Tap á hlut		(0,78)	(1,18)

Skýringar á bls. 9-11 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareiknings samstæðunnar.

Efnahagsreikningur

31. mars 2021

	Skýr.	31.3.2021	31.12.2020
Fastafjármunir			
Leigueignir		4.899	5.227
Rekstrarfjármunir		3.680	3.818
Viðskiptavild		8.890	8.932
Aðrar óefnislegar eignir		4.333	4.403
Eignahlutir í félögum		120	1.398
Tekjuskattsinneign		382	383
Fastafjármunir samtals		22.304	24.161
Veltufjármunir			
Sýningarréttir		1.828	1.876
Birgðir		288	241
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	9	4.340	3.217
Handbært fé		240	831
Veltufjármunir samtals		6.696	6.165
Eignir flokkaðar til sölu	11	536	536
Eignir samtals		29.536	30.862
Eigið fé			
Hlutfé		2.964	2.964
Yfirverðsreikningur hlutfjár		2.465	2.465
Annað eigið fé		184	310
Óráðstafað eigið fé		2.595	2.810
Eigið fé		8.208	8.549
Langtímaskuldir			
Vaxtaberandi skuldir		9.472	9.492
Leiguskuldbindingar		4.395	4.507
Aðrar langtímaskuldir		166	166
Tekjuskattsskuldbinding		-	16
Langtímaskuldir samtals		14.033	14.181
Skammtímaskuldir			
Vaxtaberandi skuldir		992	992
Leiguskuldbindingar		1.067	1.259
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	10	5.067	5.699
Skammtímaskuldir samtals		7.126	7.950
Skuldir sem tengjast eignum sem flokkaðar eru til sölu	11	169	182
Skuldir samtals		21.328	22.313
Eigið fé og skuldir samtals		29.536	30.862

Skýringar á bls. 9-11 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareiknings samstæðunnar.

Eiginfjáryfirlit

1. janúar til 31. mars 2021

	Hlutafé	Yfirverð	Annað eigið fé			Eigið fé samtals
			Þýðingarmunur	Bundinn reikningur	Óráðstafað eigið fé	
1.1. til 31.3.2020						
Eigið fé 1.1.2020	2.964	2.465	7	105	3.257	8.798
Tap tímabilsins	-	-	-	-	(350)	(350)
Þýðingarmunur	-	-	(2)	-	-	(2)
Heildarafkoma tímabilsins	0	0	(2)	0	(350)	(352)
Hagn.hlud.fél. umfram arðgr.				20	(20)	0
Eigið fé 31.3.2020	2.964	2.465	5	125	2.887	8.446
1.1. til 31.3.2021						
Eigið fé 1.1.2021	2.964	2.465	163	147	2.810	8.549
Tap tímabilsins	-	-	-	-	(231)	(231)
Þýðingarmunur	-	-	(37)	-	-	(37)
Heildarafkoma tímabilsins	0	0	(37)	0	(231)	(268)
Þýðingarmunur færður út vegna sölu			(73)			(73)
Hagn. hlud.fél. umfram arðgr.				(16)	16	0
Eigið fé 31.3.2021	2.964	2.465	53	131	2.595	8.208

Skýringar á bls. 9-11 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareiknings samstæðunnar.

Sjóðstreymisýfirlit

1. janúar til 31. mars 2021

	Skýr.	2021 1F	2020 1F
Tap tímabilsins samkvæmt rekstrarreikningi		(231)	(350)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	8	1.346	1.376
Hrein fjármagnsgjöld		93	441
Áhrif hlutdeildarféлага		193	(20)
Tekjuskattur		(13)	(92)
Veltufé frá rekstri		1.388	1.355
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Birgðir, breyting		(48)	25
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur, breyting		(77)	(6)
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir, breyting		(575)	(114)
Handbært fé frá rekstri fyrir vexti og tekjuskatt		688	1.260
Innborgaðar vaxtatekjur		5	8
Greidd vaxtagjöld		(143)	(215)
Greiddur tekjuskattur		(8)	-
Handbært fé frá rekstri		542	1.053
Fjárfestingahreyfingar			
Fjárfesting í rekstrarfjármunum		(118)	(107)
Fjárfesting í óefnislegum eignum		(113)	(156)
Fjárfesting í sýningarrétti		(576)	(475)
Fjárfestingahreyfingar samtals		(807)	(738)
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborganir vaxtaberandi skulda		(171)	(170)
Rekstrarlán, breyting		150	(147)
Afborgun leiguskuldbindinga		(299)	(273)
Fjármögnunarhreyfingar samtals		(320)	(590)
Breyting á handbæru fé		(585)	(275)
Handbært fé í byrjun tímabils		831	634
Gengisbreyting á handbæru fé og þýðingarmunur		(6)	26
Handbært fé í lok tímabilsins		240	385

Skýringar á bls. 9-11 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareiknings samstæðunnar.

Skýringar

1. Félagið

Sýn hf. ("félagið") er íslenskt hlutfélag. Höfuðstöðvar félagsins eru að Suðurlandsbraut 8, Reykjavík. Sýn hf. veitir einstaklingum, fyrirtækjum og opinberum aðilum alhliða fjarskipta-, fjölmiðla, og tækniþjónustu í gegnum vörumerkin Vodafone, Stöð 2, Stöð 2 Sport, Vísi, Bylgjuna, FM957, X 977 og dótturfélagið Endor ehf. Félagið á í fjölbættu alþjóðlegu samstarfi við Vodafone Group sem er eitt stærsta og útbreiddasta fjarskiptafyrirtæki heims. Samandreginn árslutareikningur samstæðunnar fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2021 hefur að geyma árslutareikning félagsins, dótturfélag þess, Endor ehf. og hlutdeild í sameiginlegum rekstri í Sendafélaginu ehf., sem vísað er til í heild sem „samstæðunnar“.

2. Reikningsskilin

a. Grundvöllur reikningsskilanna

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur sem kom af fram í íslenskum lögum og reglum um árshlutareikninga skráðra félaga. Árshlutareikningur samstæðunnar 1. janúar til 31. mars 2021 hefur hvorki verið endurskoðaður né kannaður af endurskoðendum félagsins.

Árshlutareikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilareglum og lágu til grundvallar við gerð ársreikningsins 2020. Hann inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2020. Hægt er að nálgast ársreikning Sýnar hf. á heimasíðu félagsins www.syn.is. og á vef Kauphallar Íslands; www.nasdaqomxnordic.com.

b. Mat stjórnenda á reikningsskilum

Gerð samstæðuárshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og dragi ályktanir sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

3. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Samstæðuárshlutareikningur félagsins er birtur í íslenskum krónum, sem er framsetningargjaldmiðill samstæðunnar. Allar fjárhæðir eru birtar í milljónum króna nema annað sé tekið fram.

4. Starfspáttayfirlit

Félagið skilgreinir starfspætti eftir innri upplýsingagjöf til stjórnenda og telst samstæðan í heild vera einn starfspáttur.

5. Seldar vörur og þjónusta

	2021	2020
Seldar vörur og þjónusta greinast þannig:	1F	1F
Vörusala	293	235
Seld þjónusta	4.669	4.760
Seldar vörur og þjónusta samtals	4.962	4.995

	Fjöl- miðlun	Internet	Farsími	Fastlína	Hýsingar- og rekstrar lausnir	Vörusala	Aðrar tekjur	Samtals
1.1. til 31.3.2021								
Tekjur	1.918	1.145	939	140	313	293	214	4.962
1.1. til 31.3.2020								
Tekjur	1.935	1.160	911	167	371	235	216	4.995

Skýringar, frh.:

6. Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu

	2021	2020
	1F	1F
Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu greinist þannig:		
Kostnaðarverð seldrar vöru og þjónustu	1.742	1.724
Laun og launatengd gjöld	574	616
Eignfærð laun	(37)	(42)
Afskriftir	1.058	1.053
Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu samtals	3.337	3.350

7. Rekstrarkostnaður

	2021	2020
	1F	1F
Rekstrarkostnaður greinist þannig:		
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	354	372
Sölu- og markaðskostnaður	118	104
Laun og launatengd gjöld	865	899
Eignfærð laun	(43)	(32)
Afskriftir	289	323
Rekstrarkostnaður samtals	1.583	1.666

8. Afskriftir

	2021	2020
	1F	1F
Afskriftir í rekstrarreikningi greinast þannig:		
Afskriftir rekstrarfjármuna	257	306
Afskriftir óefnislegra eigna	181	199
Afskriftir afnotaréttar	285	290
Afskriftir sýningarréttar	625	581
Afskriftir samtals	1.346	1.376

9. Viðskiptakröfur

	31.3.2021	31.12.2020
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur greinast þannig:		
Viðskiptakröfur	2.707	2.823
Krafa vegna sölu á eignarhlut	1.065	-
Aðrar skammtímakröfur	494	347
Leigukröfur	193	166
Leigukröfur flokkaðar til sölu færðar út	(20)	(20)
Niðurfærsla viðskiptakrafna	(99)	(99)
Viðskiptakröfur samtals	4.340	3.217

Þann 31. mars var undirritaður samningur um sölu á 49,9% hlut í færeyska hlutdeildarfélaginu P/F 20.11.19. Kaupverðið var 52,5 millj. DKK. Kaupverðið var greitt 21. apríl til félagsins.

Skýringar, frh.:

10. Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:	31.3.2021	31.12.2020
Viðskiptaskuldir	3.543	3.599
Ógreiddur virðisaukaskattur	360	345
Fyrirframinnheimtar tekjur	340	360
Ógreiddur áfallinn kostnaður og aðrar skammtímaskuldir	824	1.395
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir samtals	5.067	5.699

11. Eignir flokkaðar til sölu

Eignasamstæður eru flokkaðar til sölu þegar félag hefur í hyggju að selja þær, þær eru tiltækir til sölu og verulegar líkur er á sölu innan 12 mánaða. Eignasamstæður eru eignir sem félagið hyggst selja í einu lagi ásamt tengdum skuldum. Eignasamstæður sem flokkaðar eru til sölu eru metnar á bókfærðu verði eða gangvirði að frádregnum sölukostnaði, hvort sem lægra reynist. Slíkar eignasamstæður eru ekki afskrifaðar.

Skrifað var undir samninga um sölu á óvirkum innviðum farsímakerfis félagsins 31.3.2021. Viðskiptin eru háð samþykkti eftirlitsstofnanna. Af þessari ástæðu eru eignir og skuldir tengdar sölnni sérgreindar í efnahagsreikningi.

Eignir flokkaðar til sölu greinast þannig:	2021
Leigueignir	144
Leigukrafa	20
Rekstrarfjármunir	372
Eignir flokkaðar til sölu samtals	536
Skuldir sem tengjast eignum sem flokkaðar eru til sölu greinast þannig:	2021
Langtíma leiguskuldbindingar	31
Skammtíma leiguskuldbindingar	138
Skuldir sem tengjast eignum sem flokkaðar eru til sölu samtals	169

12. Önnur mál

Sýn hf. á í málarekstri við einstaklinga, önnur félög og eftirlitsstofnanir á íslenskum fjarskipta- og fjölmiðlamarkaði. Félagið færir skuldbindingar vegna málarekstur þegar hægt er að meta framtíðargreiðslur með áreiðanlegum hætti. Vegna óvissu um framtíðarþróun málarekstrar, niðurstöður dómsmála, úrskurða, áfrýjanir og sættir í málum geta niðurstöður mála leitt til viðbótar skuldbindinga og kostnaðar fyrir félagið.

Hér að neðan er gerð grein fyrir helstu atvikum sem tengjast málarekstri á reikningstímabilinu og eftir lok þess. Að öðru leyti vísast um ágreiningsmál til ársreiknings félagsins vegna ársins 2020.

Sýn hf. gegn PFS, Símanum hf., Mílu ehf., Nova hf. og Gagnaveitu Reykjavíkur ehf.

Í málinu gerir stefnandi Sýn þá kröfu að ógiltur verði með dómi úrskurður úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála í máli nr. 7/2019, sem felldi úr gildi ákvörðun PFS nr. 27/2019. Með þeirri ákvörðun lagði stofnunin stjórnvaldssekt á stefnda Símann hf. vegna brota á 5. mgr. 45. gr. fjölmiðlalaga frá þeim tíma sem ákvörðun stofnunarinnar nr. 10/2018 miðaðist við og til 2. október 2019. Sýn hf. byggir mál sitt á því að ákvörðun PFS nr. 27/2019 hafi verið gild og, þar fyrir utan, að brot Símans hf. hafi einnig staðið yfir frá og með 2. október 2019. PFS hefur einnig krafist þess að úrskurður úrskurðarnefndarinnar í máli nr. 7/2019 verði ógiltur með dómi og höfðað mál í því skyni gegn Símanum hf., Mílu ehf., Nova hf., Sýn hf. og Gagnaveitu Reykjavíkur ehf.

Á þessum tímavarki getur félagið ekki metið framtíðar skuldbindingar eða kröfur sem leiða af niðurstöðum ofangreinds málareksturs meðal annars vegna þess að það getur tekið langan tíma að fá niðurstöðu í mál, ásamt því að mál geta þróast í ólíkar áttir. Vegna þess hefur engin skuldbinding verið færð í árslutareikning.